



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 15. júní 2020 kl. 16:30.  
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Védís Guðjónsdóttir, Katrín Baldursdóttir og Laufey Ólafsdóttir.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

### 2. Útsending valgreiðslukrafna

Sigrún sendir upplýsingar í bankann á morgun og fær upplýsingar um hvenær þær verði sendar út.

### 3. Úthringiver, fjölgun virkra félagsmanna

Rætt var um hvort við ættum að gera þetta saman í hóp eða hver hringi í sinn markhóp einn og sér.

### 4. Félagsfundur 4th of July (stjórnarseta)

Stefnt er að því að fundinum sé ekki aðeins streymt heldur geti þeir sem eru með gegnum fjarfundabúnað verið beinir þátttakendur. Til þess þarf tvo fundarstjóra.

### 5. Sósíalístaþing í haust: Hvernig? Aðkoma stofnana flokksins (Kjörnefnd, Samviska, málefnaþing, annað)

Þingið verður rætt nánar síðar.

## 6. Samstöðin: Uppbygging og fjölgun þátta/funda

Katrín er til í að taka þátt í þætti Verkalýðsráðsins. Þar er nóg um að tala.

Til stendur að hafa þátt á Samstöðinni með Bandaríkjamönnum búsettum á Íslandi og einnig Pólverjum búsettum hér.

## 7. Húsnæði fyrir Maístjörnuna, Samstöðina og flokkinn

Ekki er búið að skoða húsnæðismálin frekar síðan á síðasta fundi, til stendur að gera það fyrir helgi.

## 8. Fjárhagsstaða

Flokkurinn: 890.568 kr., Maístjarnan: 4.815.744 kr.

## 9. Önnur mál

Engin önnur mál.